


Reykjavík, 3. nóvember 2010

Málefni: frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldprotaskipti o.fl. nr. 21/1991, með síðari breytingum (fyrningarfrestur).

Samtök verslunar og þjónustu (SVP) styðja breytingar á lögum um gjaldprotaskipti sem ofangreint frumvarp greinir frá. SVP telur að m.t.t. breyttra og jafnframt afar óvenjulegra efnahagsaðstæðna sé óhjákvæmilegt annað en að breyta reglum um fyrningarfrest.

Bent skal á tvennt í þessu samhengi. Annars vegar er tilgangur laga um gjaldprotaskipti að verja hagsmuni kröfuhafa. Hins vegar verða löggin að veita skuldurum sanngjörn tækifæri að hefja nýjan rekstur og raunar nýtt líf í kjölfar gjaldprotts. Hér fara hagsmunir skuldara saman við heildarhagsmuni þjóðarinnar.

Rétt er að taka fram að í umsögn um ofangreint frumvarp kemur hvergi fram hvaða áhrif umræddar breytingar kunna að hafa á bankakerfið í heild sinni. Án vafa munu jákvæð sem og neikvæð áhrif breyttra gjaldprotalaga koma fram á næstu misserum. Með hliðsjón af einstaklega veikburða bankakerfi og óvissu vegna innlands óstöðugleika - sem vart á sér hliðstæðu í vestrænni hagsögu - þá er óeðlilegt annað en að fyrir liggi vandaðir útreikningar á áhrifum umræddra breytinga á gjaldprotalögum á bankakerfi þjóðarinnar.


Ólafur Reynir Guðmundsson
Lögfræðingur SVP